



Jöfnunarsjóður sveitarfélaga og  
Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2017

# Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	3
2	Niðurstöður og ábendingar .....	4
3	Innra eftirlit.....	5
3.1	Inngangur .....	5
3.2	Umfjöllun .....	5
4	Fylgni við lög og reglur.....	6
4.1	Inngangur .....	6
4.2	Umfjöllun .....	6
4.2.1	Rekstraráætlun .....	6
4.2.2	Tekjuframlög.....	6
4.2.3	Framlög - gjöld .....	6
5	Endurskoðun rekstrarliða .....	7
6	Endurskoðun efnahagsliða .....	8
6.1	Eignir .....	8
6.1.1	Sveitarfélög, hlutdeild í óinnheimtu útsvari .....	8
6.1.2	Áfallnar vaxtatekjur.....	8
6.1.3	Handbært fé.....	8
6.2	Eigið fé og skuldir .....	8
6.2.1	Eigið fé .....	8
6.2.2	Ógreidd framlög.....	9
6.2.3	Aðrar skammtímaskuldir.....	9
	Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.....	9
7	Önnur atriði .....	10
7.1	Samþykkt ársreiknings .....	10
7.2	Staðfestingarbréf stjórnenda .....	10
7.3	Lögfræðibréf .....	10
7.4	Óhæðisyfirlýsing.....	10
7.5	Umfang endurskoðunar, yfirlýsing.....	10

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2017. Einnig hefur stofnunin lokið við endurskoðun ársreiknings Fasteignarsjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem er sérstök deild innan Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skv. 13. gr. a. í lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Ársreikningarnir eru byggðir á bókhaldi sjóðanna og öðrum upplýsingum stjórnenda. Vakin er athygli á því að stjórnendur Jöfnunarsjóðs eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningi.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og ársreikningur Fasteignarsjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga voru síðast endurskoðaðir vegna ársins 2016.

## 2 Niðurstöður og ábendingar

Niðurstöður endurskoðunar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga voru án athugasemda.

## 3 Innra eftirlit

### 3.1 Inngangur

Jöfnunarsjóður ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

### 3.2 Umfjöllun

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga (og þar með talinn Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga) er í umsjá og vörslu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins sem annast daglegan rekstur og afgreiðslu. Ráðherra sveitarstjórnarmála hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs og tekur ákvarðanir um úthlutun framlaga úr sjóðnum, annarra en bundinna framlaga eins og kveðið er á um í lögum og reglum.

Stjórnun sjóðsins fer fram á skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála innan samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins samkvæmt skilgreindri verkaskiptingu. Sjóðurinn starfar á skrifstofu ráðuneytisins samkvæmt skriflegum þjónustusamningi frá árinu 2003. Nýr þjónustusamningur hefur verið gerður og gildir hann frá 1. janúar 2018.

Ekki hefur verið skipað í stöðu forstöðumanns sjóðsins eftir að fyrrverandi forstöðumaður lét af störfum vegna aldurs og bókhald sjóðsins fluttist til Fjársýslu ríkisins. Starfsemi sjóðsins heyrir undir skrifstofustjóra skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála hjá ráðuneytinu. Hjá sjóðnum hafa verið settar skriflegar reglur um meðferð reikninga í bókhaldi.

Jöfnunarsjóður er í greiðslu- og bókhaldsþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Fjársýslan sér einnig um gerð ársreiknings fyrir sjóðinn. Skriflegur samningur sjóðsins við Fjársýslu tók gildi 1. janúar 2016.

Niðurstöður um innra eftirlit voru án athugasemda.

## 4 Fylgni við lög og reglur

### 4.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og þar sem það á við.

### 4.2 Umfjöllun

#### 4.2.1 Rekstraráætlun

Greiðslu- og rekstraráætlunin er stjórnþæki fyrir sjóðinn sem sýnir stefnu stjórnvalda og hvernig fyrirhugað er að ráðstafa fjármunum hans. Rekstraráætlunin er jafnan lögð fyrir ráðgjafanefnd sjóðsins til yfirferðar og afgreiðslu.

Sjóðurinn fær framlög frá ríkissjóði á fjárlögum. Bókfært framlag að fjárhæð 18.522 m.kr. var fært til tekna með réttum hætti í bókhaldi sjóðsins árið 2017.

#### 4.2.2 Tekjuframlög

Samkvæmt 8. gr. a. í lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, fær Jöfnunarsjóður bæði tekjur úr ríkissjóði og frá sveitarfélögum auk vaxtatekna. Endurskoðun leiddi í ljós að tekjufærslur sjóðsins á árinu voru samkvæmt gildandi lögum. Þá framkvæmdi KPMG endurútreikning á áföllnum vöxtum fyrir sjóðinn og reyndist sá útreikningur vera í lagi.

#### 4.2.3 Framlög - gjöld

Í 9. – 13. gr. laga nr. 4/1995 koma fram fyrirmæli um ráðstöfun tekna sjóðsins. Gjöld sjóðsins voru endurskoðuð. Könnuð voru skjöl í sambandi við útreikninga og uppgjör einstakra gjaldategunda. Spurst var fyrir um einstök atriði og reyndust þau vera í lagi. Niðurstaða endurskoðunar á framlögum sjóðsins var án athugasemda.

Tryggja þarf að farið sé eftir reglum Fjársýslu ríkisins um frágang fylgiskjala til bókonar.

## 5 Endurskoðun rekstrarliða

Endurskoðun rekstrarliða Jöfnunarsjóðs byggðist á greiningaraðgerðum, fyrirspurnum, könnunum á hreyfingalistum og skoðun fylgiskjala til þess að staðfesta tekjuliði og útgjaldaframlög. Kannaðar voru breytingar á einstökum framlögum og öðrum rekstrarkostnaðarliðum milli ára og leitað skýringa á helstu breytingum.

Eins og fram kom hér að framan í kafla um könnun á fylgni við lög og reglur voru fjárhæðir í ársreikningi sjóðsins, þ.e. útgjaldaframlög, endurskoðuð. Könnuð voru skjöl í sambandi við útreikninga og uppgjör einstakra gjaldategunda. Nokkrir gjaldaliðir féllu niður og má þar helst telja að framlög vegna húsaleigubóta voru felld niður á árinu 2017. Framlög af bankaskatti námu 650 m.kr. árið 2017 en voru ekki til staðar árið á undan.

## 6 Endurskoðun efnahagsliða

### 6.1 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Í árslok 2017 námu eignir 4.070 m.kr., skuldir námu 3.479 m.kr., og eigið fé nam 591 m.kr.

Í m.kr.	2017	2016	Breyting
Eignir:			
Sveitarfélög, hlutdeild í óinnheimtu útsvari	2.180	1.984	197
Áfallnar vaxtatekjur	252	266	-14
Aðrar skammtímakröfur	136	34	102
Handbært fé	1.501	5.298	-3.797
Eignir alls	4.070	7.582	-3.512
Eigið fé og skuldir:			
Eigið fé	591	1.344	-753
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur	50	53	-3
Ógreidd framlög	450	2.329	-1.878
Aðrar skammtímaskuldir	2.978	3.856	-878
Eigið fé og skuldir alls	4.070	7.582	-3.512

### 6.2 Eignir

#### 6.2.1 Sveitarfélög, hlutdeild í óinnheimtu útsvari

Um er að ræða kröfu Jöfnunarsjóðsins á sveitarfélögin vegna hlutdeildar í óinnheimtri staðgreiðslu launa í desember.

#### 6.2.2 Áfallnar vaxtatekjur

Um er að ræða áfallnar vaxtatekjur í árslok af bankareikningi sjóðsins.

#### 6.2.3 Handbært fé

Eign Jöfnunarsjóðsins á bankareikningi í árslok var staðfest við endurskoðun.

### 6.3 Eigið fé og skuldir

#### 6.3.1 Eigið fé

Lækkun eigin fjár skýrist einkum af tekjum af bankaskatti sem ekki var búið að ráðstafa í árslok 2016.



### 6.3.2 Ógreidd framlög

Hér er um að ræða ógreiddar eftirstöðvar framlaga sem búið var að taka ákvörðun um í heild en ekki voru greidd fyrir en árið eftir.

### 6.3.3 Aðrar skammtímaskuldir

Um er að ræða ógreidd framlög í árslok 2017 vegna grunnskólans að fjárhæð 1.217 m.kr. og 1.675 m.kr. vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra.

## 6.4 Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Í ársreikningi Fasteignasjóðs fyrir árið 2017 var ákveðið að gera þá breytingu að færa upp óseldar fasteignir í árslok til samræmis við nógildandi lög um opinber fjármál nr. 123/2015. Ekki voru gerðar athugasemdir vegna endurskoðunar efnahags Fasteignasjóðs.

## 7 Önnur atriði

### 7.1 Samþykkt ársreiknings

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga var samþykktur af ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála og formanni ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs þann 5. október 2018.

Ársreikningur Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga var samþykktur af ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála þann 21. desember 2018.

### 7.2 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda var samþykkt og undirritað af ráðuneytisstjóra samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og sérfræðingi Jöfnunarsjóðs þann 3. október 2018.

Litið er svo á að það gildi fyrir báða sjóðina þar sem Fasteignasjóður er deild í Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

### 7.3 Lögfræðibréf

Ekki var óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi þar sem fullnægjandi upplýsingar voru lagðar fram um dómsmál í gangi hjá sjóðnum, sbr. yfirlýsingu frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu frá 3. október 2018 og afrit af niðurstöðu héraðsdóms.

### 7.4 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá sjóðnum dagsettar annars vegar 20. ágúst og hins vegar 3. september 2018.

### 7.5 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá sjóðnum var undirrituð af ríkisendurskoðanda þann 3. október 2018 og ráðuneytisstjóra samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins þann 25. september 2018.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningskil Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.



Ríkisendurskoðun  
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík  
Sími 569-7100

[postur@rikisendurskodun.is](mailto:postur@rikisendurskodun.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)